



HEPPNI OG HUGSUN Í RÖÐUN LEIÐBEININGAR

Innihald

Leikborð, 104 Sequence spil, 48 blá leikþéð, 48 græn leikþéð, 48 rauð leikþéð.

2-12 leikmenn geta spilað leikinn, svo fremi að hægt sé að skipta þeim jafnt í 2 eða 3 lið, þ.e. 2, 3, 4, 6, 8, 9, 10 eða 12 leikmenn.

LEIKUR FYRIR 2 LEIKMENN EÐA 2 LIÐ

Markmið leiksins

Að verða fyrsti leikmaðurinn eða fyrsta liðið til að fá tvö „Sequence“, þ.e. leggja tvær raðir með 5 leikþéðum í röð.

Ein röð samanstendur af heilli línu með 5 leikþéðum í sama lit, ýmist upp eða niður leikborðið, þvert eða á ská.

Undirbúningur

Veljð tvö sett af leikþéðum (tvo liti). Látið þau leikþéð sem af ganga til hliðar.

Skiptið leikmönnum í tvö lið, með sama fjölda leikmanna í hvoru liði.

Leikmenn verða að dreifast jafnt umhverfis leikborðið, þ.e. leikmenn í sama liði mega ekki sitja hlið við hlið.

Skiptist á að skipta bunkanum til að sjá hver gefur; sá sem fær lægsta spilið gefur. Ásar eru hæstir.

Sá sem gefur stokkar spilin, gefur hverjum leikmanni sama fjölda spila (samkvæmt töflunni fyrir neðan) og setur afgangsspilin í stökk á hvolf á borðið.

Leikmenn mega taka upp spilin sín og skoða þau, en eiga ekki að sýna þau öðrum.

Stillið upp leikborðinu, spilabunkanum og leikþéðunum þannig að aðgengilegt sé öllum leikmönnum.

Fjöldi spila fyrir hvern leikmann

Fyrir 2 leikmenn - 7 spil hver

Fyrir 8 leikmenn - 4 spil hver

Fyrir 4 leikmenn - 6 spil hver

Fyrir 10 leikmenn - 3 spil hver

Fyrir 6 leikmenn - 5 spil hver

Fyrir 12 leikmenn - 3 spil hver

Gangur leiksins

Sá leikmaður sem situr vinstra megin við þann sem gefur, byrjar leikinn. Leikurinn gengur síðan réttisælis umhverfis leikborðið.

Pegar þú átt leik

Veldu eitt af þeim spilum sem þú ert með á hendi, leggðu það þannig á borðið fyrir framan þig að það snúi upp. Þannig myndar þú kastbunka. Gættu þess að allir leikmennirnir sjái kastbunkann þinn.

Næst skaltu taka eitt leikþéð sem tilheyrir þínu liði og setja það á leikborðsreit sem passar við spilið sem þú valdir.

Að lokum skaltu draga eitt nýtt spil úr bunkanum og bæta því við spilin sem þú ert með á hendi.

Gættu þín! Ef þú gleymir að draga nýtt spil áður en næsti leikmaður leggur niður leikþéð OG dregur nýtt spil, máttu ekki draga nýtt spil í þeirri umferð og verður að halda áfram leiknum með einu færra spil en hinir leikmennirnir.

ATHUGIÐ: Leikurinn er spilaður þannig að litahlið kubbanna snýr upp en hvíta hliðin niður. Þegar röð er mynduð þarf að snúa kubbunum við, þannig að hvíta hliðin sjáist. Þannig sjá aðrir spilarar að röð hafi verið mynduð og að ekki megi rjúfa hana.

Leikborðið. Hvert spil í bunkanum er sýnt á tveimur stöðum á leikborðinu. Einu undantekningarnar þar frá eru gosarnir (sjá að neðan). Þú mátt leggja niður leikþéð á annan tveggja reitanna sem passar við spilið svo fremi að annað leikþéð sé þar ekki fyrir.

Bónusreittir. Reitirnir í hornunum fjórum eru bónusreittir. Hvert lið getur eignað sér þá, án þess að þurfa að setja leikþéð á reitina.

Gosarnir. Það eru átta gosar í spilabunkanum, sumir tvíeygðir og aðrir eineygðir.

Tvíeygðu gosarnir eru villtir! Þegar þú átt leik, máttu setja eitt leikþéð á hvaða reit sem er laus, áður en þú setur tvíeygða gosann í kastbunkann þinn.

Eineygðu gosarnir eru þorparar! Þegar þú átt leik, máttu fjarlægja eitt leikþéð andstæðingsins af leikborðinu með því að setja eineygða gosann í kastbunkann þinn án þess þó að setja eigið leikþéð niður í staðinn. Athugið að alls ekki má fjarlægja leikþéð sem er hluti af heilli röð sem búið er að mynda. Þegar heil röð með fimm leikþéðum hefur verið mynduð má ekki breyta henni á nokkurn hátt.

Dauð spil. Ef þú ert með spil á hendi sem enginn laus leikborðsreitur passar við, er það spil dautt spil. Þegar þú átt leik skaltu segja hinum leikmönnum að þú sért að skila dauðu spili, setja það í kastbunkann, draga nýtt spil efst úr stokknum og leika þína umferð á venjulegan hátt.

Að vinna leikinn

Fyrsti leikmaðurinn eða liðið sem myndar tvær raðir, með fimm leikþéðum hver, vinnur leikinn! Athugið að einn reit í fyrri röðinni má nota sem hluta af seinni röðinni.

Valfrjáls regla. Hvorki umræður um spilið né leiðbeiningar við leikborðið eru leyfðar. Ef liðsmaður gerir öðrum leikmanni viðvart um það að sá sé að fara að gera eitthvað rangt, þá verða allir leikmenn í því liði að skila að eigin vali einu spili af hendi í kastbunkann og fá ekki annað spil í staðinn.

Regla fyrir lengra komna. Í þessari útgáfu leiksins máttu með því að leggja niður eineygða gosann fjarlægja leikþéð andstæðings úr heilli röð, sem búið er að mynda.

LEIKUR FYRIR 3 LEIKMENN EÐA 3 LIÐ

Leikurinn er eins og leikurinn fyrir 2 leikmenn eða 2 lið,
með eftirfarandi undantekningum:

Markmið leiksins

Að verða fyrsti leikmaðurinn eða fyrsta liðið til að mynda eina röð.

Leikmenn verða að skiptast jafnt í þrjú lið. Leikmenn sitja þannig að þriðji hver leikmaður umhverfis borðið tilheyrir sama liði. Notið öll þrjú sett leikþéða.

Fjöldi spila fyrir hvern leikmann

Fyrir 3 leikmenn - 6 spil hver

Fyrir 9 leikmenn - 4 spil hver

Fyrir 6 leikmenn - 5 spil hver

Fyrir 12 leikmenn - 3 spil hver

Að vinna leikinn

Fyrsti leikmaðurinn eða fyrsta liðið sem myndar eitt „Sequence“, þ.e. eina röð með fimm leikþéðum, vinnur leikinn!